

# Styrkir byggðapróunarverkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar

---

Stjórn Byggðastofnunar hefur falið verkefnisstjórn byggðapróunarverkefnisins *Hrísey, perla Eyjafjarðar* að úthluta í ár, 2016, tíu milljónum króna til að styrkja verkefni og atburði, sem falla að áherslum verkefnisins. Stefnumótun og helstu markmið verkefnisins má sjá á [www.hrisey.is](http://www.hrisey.is) og þar er einnig að finna sniðmát fyrir styrkumsóknir.

Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda í samræmi við þá hugsun sem liggur til grundvallar verkefninu Brothættar byggðir. Enn fremur styrkir það verkefni ef þau leiða til samstarfs aðila innan héraðs og/eða til samstarfs við aðila utan héraðs. Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga. Frekari upplýsingar um verklag vegna styrkja má finna á vef Byggðastofnunar í viðauka við verklýsingu verkefnisins:

[http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklýsings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf)

Umsóknum um styrki skal skila rafrænt á netfangið [helgairis@akureyri.is](mailto:helgairis@akureyri.is) fyrir föstudaginn 17. júní 2016. Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnisstjóri í s. 690-2333 eða á netfanginu [helgairis@akureyri.is](mailto:helgairis@akureyri.is)



BYGGÐASTOFNUN



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

